



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 9-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1229
komudagur 4.3.2004

Berist til: Sigrúnar Brynju Einarsdóttur

Vestmannaeyjum, 3. mars 2004

Efni: Athugasemdir við þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477.mál

Vegna bréfs dagsett þann 5. febrúar 2004 þar sem óskað eftir umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008 er send eftirfarandi umsögn.

Umhverfisnefnd Vestmannaeyjabæjar var falið af bæjarráði Vestmannaeyja þann 9.febrúar ásamt Náttúrustofu Suðurlands að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir:

Á Heimaey er í tillögunni gert ráð fyrir að verndunin nái eingöngu til Ystakletts og Heimakletts. Hér vantar inn Miðklett á milli Heimakletts og Ystakletts því ekki er að sjá nein rök fyrir því að Miðklettur sé undanskilinn.

Í lýsingu á núverandi landnotkun er talað um fiskveiðar, fuglaveiðar, eggjatöku, útivist og ferðaþjónustu. Hér vantar að nefna sauðfjárbætur sem er í flestum úteyjum auk Heima- og Ystakletts.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir að svo stöddu en lögð á það rík áhersla að núverandi landnotkun haldist og að allur undirbúningur friðlýsingar verði í samvinnu við heimamenn.

Virðingarfyllt
f.h. Vestmannaeyjabæjar

Frosti Gíslason
Framkvæmdastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasviðs

f.h. Náttúrustofu Suðurlands

Ingvar Atli Sigurðsson
Forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands